

Sp. 1093. Tillaga til þingsályktunar [524. mál]

um úttekt á rekstri Seðlabanka Íslands.

Flm.: Geir Gunnarsson.

Í framhaldi af undangengnum úttektum Hagvangs hf. á ýmsum stofnunum ríkisins ályktar Alþingi að skora á ríkisstjórnina að fela Hagvangi hf. að gera hliðstæða úttekt á rekstri Seðlabanka Íslands þar sem ítarlega verði könnuð hagkvæmni í rekstri stofnunarinnar, m. a. að því er varðar mannahald og húsnæði, og gerðar tillögur til úrbóta.

Greinargerð.

Að undanfögnu hafa stjórnvöld gengist fyrir því að ráðgjafarfyrtæki tækju rekstur ýmissa ríkisstofnana til sérstakrar athugunar í því skyni að auka hagkvæmni í rekstri þeirra. Þeir, sem hafa beitt sér fyrir þessum ráðstöfunum, telja að þær hafi gefist vel í ýmsum tilvikum og borið árangur í hagræðingu í rekstri. Einhverra hluta vegna hefur þó ekki verið gripið til þessara aðgerða gagnvart þeirri stofnun sem hvað flestir meðal almennings draga í efa að gæti nægilegs aðhalds og sparnaðar í rekstri, þ. e. Seðlabankanum, og leggur flm. til með þeirri þáttill. sem hér er flutt að úr því verði bætt.

Þar sem jafnan er mikilvægt þegar slík úttektarstörf eru unnin að forstöðumenn viðkomandi stofnunar, sem úttekt beinist að, beri fullt traust til þeirra sem annast hana leggur flm. til að hún verði falin Hagvangi hf. með það í huga að æðsti maður Seðlabankans var formaður í þeirri nefnd sem valdi Hagvang hf. til þess að annast hina svokölluðu „hamingjurannsókn“ sem þekkt er meðal landsmanna.